

Var Komintern andvígt stofnun Sósíalístaflokksins?

Hannes Hólmsteinn Gissurarson
prófessor við stjórn málafræðideild
Háskóla Íslands

2. tbl. 5. árg. 2009
Erindi og greinar



Útdráttur:

Jón Ólafsson heimspekingur telur sig hafa fundið heimild fyrir því, að Komintern hafi verið andvígt stofnun Sósíalístaflokksins. Hún er minnisblað eins starfsmanns Kominterns frá sumrinu 1938. Þór Whitehead sagnfræðingur andmælir því með þeim rökum, að þetta hafi ekki verið opinber samþykkt Kominterns, auk þess sem allar aðrar heimildir bendi til þess, að stofnunin hafi verið gerð með samþykki Kominterns. Fram er komin ný heimild, heillaóskir í bréfi frá Michal Wolf, öðrum ritara Alþjóðasambands ungra kommúnista og varamanni í framkvæmdastjórn Kominterns, til Æskulýðsfylkingarinnar við stofnun hennar haustið 1938. Wolf varð síðar varnarmálaráðgjafi Ungverjalands undir nafninu Mihály Farkas og var eindreginn stalinísti. Þessi heimild eyðir öllum vafa um það, að stofnun Sósíalístaflokksins var gerð með samþykki Kominterns.

Inngangur

Þeir dr. Jón Ólafsson, prófessor í heimspeki í Háskólanum í Bifröst, og dr. Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði í Háskóla Íslands, hafa deilt um það, hvort Komintern, Alþjóðasamband kommúnista, hafi verið andvígt stofnun Sósíalístaflokksins 1938. Kommúnistaflokkurinn, sem hér starfaði frá 1930, var sem kunnugt er deild í Komintern, og höfðu helstu forystumenn hans, þeir Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson, mikil tengsl við Komintern, sem hafði aðsetur í Moskvu, og tóku við fyrirætlum og fjárstuðningi þaðan (Arnór Hannibalsson, 1999; Jón Ólafsson, 1999). Deilurnar hófust, eftir að Jón kvaðst í ritgerð í *Sögu* (2007) hafa fundið skjal í gögnum Kominterns í Moskvu, sem væri vísbending um, að Komintern hefði verið andvígt klofningi Alþýðuflokksins og stofnun Sósíalístaflokksins upp úr því, er vinstriarmur Alþýðuflokksins undir forystu Héðins Valdimarssonar gekk til liðs við kommúnista, sem lögðu þá niður flokk sinn. Þetta skjal var minnisblað frá einum starfsmanni Kominterns, Wilhelm Florin, í ágúst 1938, þar sem hann lýsti ýmsum annmörkum á fyrirhugaðri sameiningu kommúnista og vinstriarms Alþýðuflokksins. Þór Whitehead (2008) svaraði því til, að enga ályktun mætti draga um afstöðu Kominterns af þessu minnisblaði starfsmannsins. Þetta væri ekki opinber samþykkt. Önnur tiltæk gögn veittu sterka vísbendingu um það, sagði Þór, að Komintern hefði ekkert haft við stofnun Sósíalístaflokksins að athuga, enda hefði hún verið í samræmi við „línu“ Kominterns á þessum tíma og forystumenn Sósíalístaflokksins áfram rætt við fulltrúa sambandsins, eins og ekkert hefði í skorist, til dæmis Kristín E. Andrésson í Moskvu vorið 1940 og Einar Olgeirsson í Reykjavík sumarið 1943. Jón hélt fast við tilgátu sína eftir andmæli Þórs: Þótt ofmælt væri, að íslenskir kommúnistar hefðu gert uppreisn gegn Komintern haustið 1938, hefði Alþjóðasambandið „verið andvígt stofnun Sósíalístaflokksins“ (2009, bls. 151).

Í rannsóknnum mínum á sögu íslenskra kommúnista rakst ég á skjal, sem sker úr þessum ágreiningi Jóns Ólafssonar og Þórs Whitehead. Það er í gögnum Sósíalístaflokksins, sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni (E51,9: Bréf 1938–1949). Þetta er íslensk þýðing á bréfi frá manni, sem kallar sig Michal Wolf og talar í nafni

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Alþjóðasambands ungra kommúnista, AUK á íslensku, venjulega nefnt KJI, *Kommunistische Jugend-Internationale*, á þýsku eða KIM, *Kommúnistísjeskíj Ínternational Molodezhi*, á rússnesku. Undir það er ritað nafn hans og síðan EK, sem hlýtur að vera Exekutiv-Komitee eða framkvæmdaráð AUK. Frumritið hefur eflaust verið á þýsku, sem var opinbert mál Kominterns, en það hefur því miður ekki fundist. Bréfið er birt hér í viðauka, en í því eru heillaóskir Wolfs í tilefni stofnunar Æskulýðsfylkingarinnar. Kveðst hann hafa lesið stefnuskrá fylkingarinnar og samþykktir og sé þess fullviss, að hreyfingin muni „þroskast á grundvelli þessarar stefnuskrár“. Æskulýðsfylkingin var stofnuð í Reykjavík 11. nóvember 1938, og runnu saman í hana vinstriarmur Sambands ungra jafnaðarmanna og Samband ungra kommúnista. Fyrsti forseti hennar var Eggert Þorbjarnarson, sem hafði fyrst stundað nám á skóla Kominterns í Moskvu 1931–1933 og síðan verið starfsmaður Kominterns í þrjú ár, 1934–1937. Hefur kveðjan að austan líklega verið send til Íslands í árslok 1938 eða á öndverðu ári 1939, eftir að starfsmenn Kominterns hafa fengið í hendur stefnuskrá og samþykktir hinnar nýju hreyfingar. Kveðjan ber þess vott, að hún er samin, áður en Hitler og Stalín gerðu gridasáttmála sinn í ágúst 1939. Fyrir þann tíma lagði Komintern áherslu á samfylkingu og baráttu gegn fasisma.

Margir liðsmenn Kominterns báru dulnefni. Til dæmis gekk Eggert Þorbjarnarson þar jafnan undir nafninu Gunnar Björnsson. Hið sama er að segja um manninn, sem skrifaði undir þessar hamingjuóskir til Æskulýðsfylkingarinnar. Michal Wolf var dulnefni hans. Sá, sem hafði þetta nafn, kallaði sig síðar í lífinu opinberlega Mihály Farkas (sem merkir úlfur á ungversku). Hann var ungverskumælandi gyðingur, sem fyrst bar nafnið Hermann Löwy. Hann fæddist 1904 í þorpinu Abaujszántó í norðurhluta Ungverjalands, nálægt landamærunum við Slóvakíu. Þegar veldi Habsborgarættarinnar liðaðist í sundur í lok Norðurálfuófríðarinnar mikla 1914–1918, lenti Farkas inni í Slóvakíu. Hann var aðeins fimmtán ára 1919, þegar hann gerðist ritari róttæks verkalýðsfélags í Kosice í Slóvakíu, og 1921 gekk hann í kommúnistaflokk Tékkóslóvakíu. Hann var dæmdur í rúmlega sex ára fangelsi 1926 fyrir byltingariðju, en þegar hann var látinn laus, hóf hann erindrekstur fyrir Alþjóðasamband ungra kommúnista og starfaði 1932–1935 í Vestur-Evrópu. Hann tók þátt í spænska borgarastríðinu 1936–1937 og notaði þá nafnið Wolf. Hann sneri að svo búnu til Moskvu, þar sem hann varð annar ritari Alþjóðasambands ungra kommúnista. Jafnframt var hann tengiliður AUK við framkvæmdastjórn Kominterns, þar sem hann var varamaður. Er meðal annars minnst á hann (undir nafninu Wolf) í *Þjóðviljanum* í júlí 1937 og ágúst 1938. Í Moskvu kom Farkas fram sem fulltrúi hins öfluga og fjölmenna kommúnistaflokks Tékkóslóvakíu, uns leiðtogi ungverska kommúnistaflokksins, Mátyás Rákosi, bað um, að hann yrði færður þangað, enda þurfti sá flokkur á liðsauka að halda. Farkas varð starfsmaður alþjóðadeildar ungverska kommúnistaflokksins, eftir að Komintern var leyst upp 1943.

Farkas stóð á fertugu, þegar hann sneri ásamt syni sínum, Vladimir (sem heitinn var eftir Vladímír Lenín), aftur til Ungverjalands í nóvember 1944 og tók þátt í því

Stjórnmal og stjórnsýsla veftimarit (Erindi og greinar)

að skipuleggja ungverska kommúnistaflokkinn, sem tók brátt völdin í landinu í skjóli Rauða hersins. Farkas var varnarmálaráðherra frá haustinu 1948 og hafði einnig umsjón með hinni illræmdu leynilögreglu landsins, AVO (síðar AVH), þar sem sonur hans gerðist yfirmaður. Farkas-fedgar voru stalínistar og gengu hart fram í hreinsunum innan kommúnistaflokksins ungverska næstu árin, þar á meðal rannsókn á og réttarhöldum yfir László Rajk, sem lauk með aftöku hans í október 1949 (Khruschev, 2000, bls. 169–169; Mevius, 2004, bls. 241–244). Þeir létu einnig að sér kveða í rannsókninni á János Kádár tæpum tveimur árum síðar, en þá var Kádár pyndaður og neyddur til að játa á sig margvíslega glæpi í sýndarréttarhöldum. Ungverski blaðamaðurinn Georgi Paloczi-Horovath (1957) sagði svo frá:

Kadar sjálfur var lostinn með takmarkalausri grimmd. Eftir að honum var sleppt, lýsti hann því fyrir miðstjórn kommúnistaflokksins, hvernig hann hefði verið pyndaður. Þar á meðal var lýsingin á því, að liðsforingi í öryggislög-reglunni (Avói), Vladimir Farkas, hafði slegið hann, þar til leið yfir hann. Hann raknaði aftur úr rotinu við það, að Farkas stóð yfir honum og leysti þvag í andlit hans.

En veraldargengið var fallvalt í kommúnistaflokkum Mið-Evrópu á þeirri tíð. Rákosi, Farkas og aðrir eindregnir stalínistar misstu flestar trúnaðarstöður sínar um og eftir 1953. Sumarið 1953 lét Farkas eldri af stöðu varnarmálaráðherra, og sumarið 1956 var hann rekinn úr kommúnistaflokksins. Hann var handtekinn í október 1956 og ákærður fyrir ýmis brot og dæmdur 1957 í sextán ára fangelsi, en var náðaður 1960. Eftir það lét Farkas eldri lítt á sér bera og vann til dánardags fyrir útgáfufyrirtæki eitt. Hann lést 1965 (Lazitch, 1986, bls. 112; Mikes, bls. 37). Farkas yngri var vikið úr starfi sínu í leynilögreglunni 1955 og handtekinn eins og faðir hans haustið 1956. Hann var dæmdur í tólf ára fangelsi fyrir grimmdarverk sín, en látinn laus 1960. Hann lést 2002 (Lendvai, 1998, bls. 74; Bak, 1994, bls. 300).¹

Þótt skjal það, sem ég rakst á í gögnum Sósíalístaflokksins í Þjóðskjalasafni, sé vissulega ekki frumrit, hlýtur það að ráða miklu meira um skilning okkar á atburðarásinni en það, sem Jón Ólafsson fann í Moskvu. Engin ástæða er að minnsta kosti til að efast um, að það sé ófalsað. Þetta voru opinberar heillaóskir í tilefni stofnunar Æskulýðsfylkingarinnar, sem varð eins og Sósíalístaflokkurinn til haustið 1938, þegar kommúnistar sameinuðust vinstriarmi Alþýðuflokksins. Maðurinn, sem skrifaði undir það, Hermann Löwy/Michal Wolf/Mihály Farkas, gegndi trúnaðarstöðu jafnt í Alþjóðasambandi ungra kommúnista og Komintern. Hann hefði sem dyggur stalínisti aldrei látið neitt frá sér fara, sem ekki hefði hlotið blessun Kominterns. Allar aðrar tiltækar heimildir benda í sömu átt. Til dæmis

1 Ýmsar upplýsingar eru um Farkas-fedgana á heimasíðu Ungversku rannsóknarstofnunarinnar um ungversku byltinguna, t. d. http://server2001.rev.hu/oha/oha_document.asp?id=547&order=1&lang=e Einnig eru upplýsingar um þá á ungverskri alfræðibók á Netinu, *Magyar Életrajzi Lexikon 1000-1990*.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

sendu kommúnistaflokkar Danmerkur og Svíþjóðar Sósíalistaflokknum heillaóskir við stofnunina. Það hefðu þeir ekki gert, ef Komintern hefði verið andvíggt henni. Þær efasemdir um það, hvort rétt hefði verið að kljúfa Alþýðuflokkinn, sem reifaðar voru á minnisblaði Florins, voru ekki annað en hugleiðingar starfsmanns. Það er því ekki rétt, sem Jón Ólafsson sagði (2007, bls. 93): „Minnisblaðið er nýlega komið fram, en það tekur af öll tvímæli um að stofnun Sósíalistaflokksins braut í bága við fyriræmi Kominterns.“ Þetta er dæmi um óvarlega ályktun af heimildum.

Það er vissulega rétt, að kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður haustið 1938, en kommúnistaflokkar annarra landa störfuðu áfram. En skýringin á því var ekki uppreisnargirni eða sjálfstæðisandi íslensku kommúnistanna, heldur hitt, að kommúnistar annarra landa fundu ekki nægilega marga menn úr vinstriarmi jafnað-armannaflokkanna, sem ginnkeyptir væru fyrir tilboðum þeirra um samfylkingu gegn fasisma. Raunar er annað, en smávægilegra, dæmi um óvarlega ályktun Jóns Ólafssonar af heimildum í áður nefndri ritgerð hans í *Sögu* 2007 um minnisblað Florins. Þar segir frá því, að sumarið 1936 hafi Komintern sent „félaga Johnson“, sem sitji í miðstjórn kommúnistaflokksins íslenska, til Íslands með línuna. Jón kemst síðan svo að orði (bls. 100): „Johnson er sennilega Angantýr Guðmundsson, einn fimm eða sex Íslendinga sem voru í Moskvu á þessum tíma.“ En eins og ég (2008) hef leitt rök að, var Johnson eflaust Hjalti Árnason, sem sat í miðstjórn kommúnistaflokksins 1932–1935 (og sennilega líka 1935–1937) og dvaldist í Moskvu 1935–1936, eins og heimildir eru til um. Angantýr var hins vegar rekinn úr kommúnistaflokknum í hreinsununum 1934 og hefur eflaust ekki verið í Moskvu eftir það. Auk þess sat hann aldrei í miðstjórn kommúnistaflokksins, svo að vitað sé.

Heimildir:

- Arnór Hannibalsson. 1999. *Moskvulínan: Kommúnistaflokkur Íslands og Komintern; Halldór Laxness og Sovétríkin*. Reykjavík: Nýja bókafélagið.
- Bak, János. 1994. „Political Biography and Memoir in Totalitarian Eastern Europe.“ Í George W. Egerton (ritstj.). *Political Memoir. Essays on the Politics of Memory*. bls. 292–300. London: Frank Cass.
- Hannes H. Gissurarson. 2008. Í þjálfunarbúðum byltingarmanna. Íslendingar í Lenín-skólanum og Vesturskólanum í Moskvu. *Þjóðmál*, 4(4), bls. 70–86.
- Jón Ólafsson. 1999. *Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920–1960*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Ólafsson. 2007. „Komintern gegn klofningi. Viðbrögð Alþjóðasambands kommúnista við stofnun Sósíalistaflokksins.“ *Saga*, XLV(1), bls. 93–111.
- Jón Ólafsson. 2009. „Raunveruleiki fortíðar og eitt minnisblað.“ *Saga*, XLVII(1), bls. 149–161.
- Khruschev, Sergei N. 2000. *Nikita Khrushchev and the Creation of a Superpower*. University Park, PA: Pennsylvania State University.
- Mevius, Martin. 2004. *Agents of Moscow. The Hungarian Communist Party and the Origins of Socialist Patriotism 1941–1953*. Oxford: Clarendon Press.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (Erindi og greinar)

- Mikes, George. 1959. *A Study in Infamy. The Operations of the Hungarian Secret Police (AVO)*. London: Andre Deutsch.
- Lazitch, Branco, ásamt Milorad M. Drachkovitch. 1986. *Biographical Dictionary of the Comintern. New, Revised, and Expanded Edition*. Stanford, CA: Hoover Institution Press.
- Lendvai, Paul. 1998. *Blacklisted. A Journalist's Life in Central Europe*. London: I.B. Tauris.
- Paloczi-Horvath, Georg. 1957. „Mannlýsing ómennis.“ *Morgunblaðið* 29. maí.
- Þjóðskjalasafn: E 51,9. Bréf 1938-1943. Gögn Æskulýðsfylkingarinnar. Ódags. Þýðing. Michael Wolf til Æskulýðsfylkingarinnar.
- Þjóðviljinn*. 1937. „Alþjóðasambönd ungra jafnaðarmanna og kommúnista hvetja til sameiginlegra átaka.“ 31. júlí.
- Þjóðviljinn*. 1938. „II. Alheimsþing æskunnar til verndar friðinum.“ 19. ágúst.
- Þór Whitehead. 2008. „Eftir skilyrðum Kominterns. Stofnun Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins 1937–1938.“ *Saga*, XLVI(2), bls. 17–55.

VIÐAUKI

Þjóðskjalasafn: E 51,9. Bréf 1938-1943. Gögn Æskulýðsfylkingarinnar.

[Efst í vinstra horni á fremsta blaði stendur: Óvönduð þýðing.]

Kæru félagar.

Við óskum ykkur hjartanlega til hamingju með stofnun hinnar sósíalistisku æskulýðsfylkingar á Íslandi. Sigrar einingarstefnu verklýðsæskunnar eru ósigrar fyrir fasismann og erindreka hans, sem einnig ógna frelsi ykkar lands, hinni gömlu menningu þess og lýðræði. Við erum þess fullvissir að þetta skref ykkar mun verða þungt á vogarskálunum í baráttunni fyrir að sameina alla verklýðsæsku Íslands til baráttu fyrir betra og hamingjusamara lífi.

Norðurlönd eru nú í hættu fyrir árásum fasismans. Ætlun Hitlers er að svifta Norðurlönd sjálfstæði sínu með ofbeldi og yfirgangi. Hann ætlar að hafa gott af þeim í stríði og hindra þau í öllum samtökum innbyrðis og í alþjóðlegu friðarstarfi. Við erum vissir um að æska Norðurlanda ber í brjósti heita ást til ættjarðar sinnar og hún er ákveðin í að gera allt sem í hennar valdi stendur til að hindra yfirgang Hitlers.

Æska Norðurlanda hefur viðbjóð á þýska fasismanum og erindrekum hans, en samt hefur hún ekki ennþá sameinast til virkrar baráttu gegn fasismanum, ekki sameinast til varnar frelsi og sjálfstæði Norðurlanda. En boðorð dagsins er einmitt samvinna og sameining æskunnar gegn fasismanum og fyrir frelsinu. Það væri óskandi að sameiningarstarf ykkar megi verða til þess, að verklýðsæska annara [svo] Norðurlanda sameinist einnig gegn hinum sameiginlega óvini fasismanum og til baráttu fyrir pólitískum og menningarlegum hagsmunamálum verklýðsæskunnar, fyrir hinu sameiginlega takmarki — sósíalímanum.

Þessvegna [svo] fögnum við sérstaklega þeirri ákvörðun ykkar að gera allt sem á [svo] ykkar valdi stendur til að flýta fyrir samstarfi og sameiningu verklýðsæskunnar á Norðurlöndum. Tilraunir ykkar til að koma á sem beztu samstarfi milli æskulýðssambanda sósíaldemokrata og kommúnista á Norðurlöndum er takmark, sem einnig AUK berst fyrir.

AUK álitur það sitt höfuðverkefni að ala verklýðsæskuna upp í anda baráttunnar gegn hinum fasistisku árásarríkjum Þýzkaalandi, Ítalíu og Japan. AUK gerir allt sem á [svo] þess valdi stendur til að gera æskunni ljósar hinar örlagaríku afleiðingar undanhaldsins fyrir hinum fasistisku árásarríkjum. Hinn góði árangur möndulríkjanna í árásarstríðum sínum á smáþjóðirnar er ekki að þakka styrkleika þeirra, heldur er hann afleiðing landráða erindreka þeirra í þessum löndum, afleiðing undanhaldsins fyrir fasismanum.

Með því að ala æskuna upp í anda baráttunnar gegn árásarseggjum fasismans, gegn hinum trozkíistisku meðhjálpurum hans, gegn öllum sem vilja undanhald, er hún brynjuð til að berjast fyrir frelsi og sjálfstæði ættjarðar sinnar, til að berjast og sigra við hliðina á eldri kynslóðinni.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (Erindi og greinar)

Ástandið í heiminum gerir það að verkum að verklýðsæskan þarf á að halda ekki aðeins dirfsku heldur einnig þekkingu. Við vonum að æskulýðssambandi ykkar megi auðnast að ala upp sveit ungra öreiga, sem hafa tileinkað sér kenningar Marxismans-Leninismans. Við leggjum ríkt á við ykkur um að lesa og nema með áhuga hina ágætu sögu Kommúnistaflokks Sovétríkjanna, en að henni vann m. a. Stalin, og að útbreiða þessa bolsevistiska meistaraverk meðal æskunnar. Þessi bók er ómissandi baráttufélagi og leiðar-vísir í dægurbaráttu verkalýðsins og sýnir leiðina til sigurs sósíalísmans. Þar sjáum við reynslu hins fræga bolsevikkaflokks Lenins og Stalins, sem djarflega og sigursælt hefur bygt [svo] upp kommúnismann.

Sovétríkin, þar sem sósíalísminn fyrst varð að veruleika, sýna okkur hvernig hann gerði æskuna að skapandi, lífsglaðri og hamingjusamri kynslóð. Það þarf að kynna æskunni lífsreynslu Sovétæskunnar og hina ágætu árangra hennar til þess að hvetja² hana til baráttu fyrir sósíalísmannum. Sovétæskan á að vera okkur fyrirmynd í námi og aftur námi. Æska, sem sækir kraft sinn í verk Marx, Engels, Lenins og Stalins mun verða sigursæl í baráttunni gegn afturhaldi og fasisma, mun heyja baráttu sína fyrir sósíalísmannum með trausti og sigurvissu þar til yfir lýkur.

Yfirlýsing ykkar um, að þið séuð reiðubúnir til að styðja hverja tilraun AUK til að sameina alla sósíalísta og lýðræðissinnaða æsku í heiminum, hefur mikið að segja fyrir einingu æskunnar í baráttunni gegn fasismanum, og við fögnum hinni ágætu aðstoð ykkar í þessari baráttu.

Það væri okkur sönn ánægja að fréttu meira af starfi ykkar og við munum hinsvegar [svo] gera allt til að skýra ykkur frá þeim verkefnum, sem kommúnísta æskulýðshreyfingin hefur til úrlausnar. Okkur þætti einnig mjög gott að fá að heyra ykkar skoðun á ýmsum málum viðvíkjandi alþjóðlegu æskulýðshreyfingunni.

Við höfum lesð stefnuskrá ykkar og samþykktir og erum þess fullvissir að hreyfing ykkra mun þroskast á grundvelli þessarar stefnuskrár.

Við óskum ykkur góðs árangurs, félagar, í starfi ykkar í framtíðinni.

Með bróðurkveðjum,

Michal Wolf.

EK AUK